

## Spurningar um byltingarárin

Góð og ýtarleg svör við þessum spurningum koma sér vel í próflestri.

1. Nefndu sögulega atburði og ártöl sem skilgreina upphaf tímabilsins til 1951.
2. Hvaða nýjungar fundust þér merkilegar sem héldu innreið sína í íslenskt samfélag á þessum áratugum eftir lestur kaflans Þjóðfélagsmynd?
3. Með eða á móti erlendri hersetu! Hvernig speglast átök af þessu tagi í bókmenntum? Nefndu dæmi um 2 bókmenntaverk og höfunda þeirra.
4. Hvað felst í hugtakinu „móðernismi“ í listum?
5. *Birtingur*. Útskýrðu hvað það er.
6. Hverjir tala um „klessumálara“ og „atómskáld“ í niðrandi merkingu á þessum árum? Hvers vegna heldur þú?
7. Hvernig lýsirðu móðernísku málverki?
8. Þrennt gerir ljóð móðernískt. Hvað? Skýrðu það út frá ljóði **Porgeirs Sveinbjarnarsonar**:

### Í skriðunni:

Ég er steinn  
sem hrapaði úr fjallinu,

fyrst hægt,  
síðan hratt.

Harðar brúnir mínar  
tættu upp svörðinn,  
sundruðu mjúkri hlíðinni.

Ég stanzaði loks  
langt niðri í mýri.

Ég er steinninn sem hrapaði.

Þú ert grasið  
sem græddi slóð mína.

(1965)

9. Teldu upp amk. 5 yrkisefni módernista.
10. Upprifjun: Reynt var að „bylta ljóðformi“ á fyrsta tímabili bókmenntasögunnar (angurværð nýrrar aldar) en „byltingin“ náði ekki að breiðast út. Nefndu 2 byltingarmenn frá þessum tíma og verk þeirra.
11. Teldu upp byltingarljóðskáldin fimm (atómskáldin).
12. Veldu einn úr hópi fimmmenninganna og gerðu grein fyrir honum.
13. Kannastu við eitthvert ljóðskáldanna sem talin eru upp utan félaganna fimm? Hvaða/hver? Og hvers vegna?
14. Til hvaða verðlauna vann Stefán Hörður Grímsson? Hvað heitir verk hans sem færði honum verðlaunin?
15. Ljóðabókin *Dymbilvaka* er tímamótaverk í íslenskri ljóðagerð, fyrsta heildstæða súrrealíska verkið sem hafði að geyma ljóð. Hver er höfundur?
16. Matthías Johannessen er afkastamikið skáld. Hvert var aðalstarf hans meðfram ritstörfum?
17. Hvað einkenndi Nínu Björk Árnadóttur sem skáld?
18. Nýju sögunni – módernísku sögunni – var ætlað að verða andóf gegn raunsæi. Hver var hugsanlega tilgangur höfundanna með því?
19. Að hvaða leyti sker hin móderníska saga sig frá hefðbundinni sögu?
20. Teldu upp þrjú höfunda sem byltu formi skáldsögunnar á þessu tímabili og eitt verk eftir hvern.
21. Áður hafði höfundur reynt slíkt (sjá angurværð nýrrar aldar), hvaða höfundur? Hvað heitir þetta byltingarverk hans?
22. Nefndu tvenn verðlaun sem Thor Vilhjálmsson hefur fengið og verkin sem fleyttu honum til verðlaunanna.
23. Hvað einkennir helst Svövu Jakobsdóttur sem höfund? Nefndu tvö verk hennar.
24. Hvað gerir *Tómas Jónsson – metsölubók* fræga? Hver er höfundur?
25. Veldu annan æringja tímabilsins og segðu frá honum í stuttu máli. Taktu afstöðu til textanna eftir hann sem sýndir eru í kennslubók – góðir/ekki góðir. Rökstyddu álit þitt.

26. Hvað skrifar Halldór Laxness á þessum árum? Teldu upp nokkur verka hans.
27. Ýmsar blikur eru á lofti eftir miðjan áratug sjöunda áratugarins og eru nefnd í lokin, í kaflanum Blikur á lofti. Teldu upp þjóðfélagslegar hræringar eða hið helsta sem „skók Vesturheim“ og skilar sér inn í bókmenntir næsta tímabils – eftir 1970.